



Dú ert hér: Forsíða / Fréttir / Sandur 07014 valinn besta naut 2007 árgangsins

 Leita

Nýjustu fréttir

Fyrsta sæðistaka úr Angus-nautunum á Stóra-Ármóti

Fyrstu naut úr 2018 árgangi í dreifingu

Heildareinkunn verður breytt í kynbótamati nautgriparæktarinnar

Angus-nautin á Stóra-Ármóti farin að gefa sæði

Þrjú ný reynd naut til notkunar

Sandur 07014 er undan Hræsingi 98046

Leiðrétting á ætterni Skjás 10090 og Hróks 15023

Leiðrétt faðemi Orms 17003

Síðustu fjögur nautin úr árgangi 2017

Dýralæknir óskast til starfa

Frétt

Sandur 07014 valinn besta naut 2007 árgangsins

27/11/2014


Besta naut árgangsins 2007 var valið á síðasta fundi fagráðs í nautgriparækt í gær. Fyrir valinu varð Sandur 07014 frá Skeiðháholti 1 á Skeiðum. Ræktandi Sands fær afhenta viðurkenningu fyrir nautið á fagþingi nautgriparæktarinnar sem haldið verður í mars á næsta en segja má að þetta séu æðstu verðlaun nautgriparæktarinnar hérlandis.

Sandur var fæddur 9. mars 2007 í Skeiðháholti 1 á Skeiðum, sonur Glanna 98026 og Jóna 654 Sprotadóttir 95036 og eru ræktendur hans þau Jón Vilmundarson og Guðrún Helga Þórisdóttir.

Dómsorð Sands eru: „*Dætur Sands eru ágætlega afurðasamar varðandi mjólkurmagn og próteinhlutfall en fituhlutfall er undir meðallagi. Þær eru fremur útlögumiklar með fremur grannar og þaklaga malir en ágæta fótstöðu. Yfirlína er einnig fremur sterk. Júgurgerð dætra Sands er mjög góð, mikil festa og júgrin vel borin en júgurband ekki áberandi. Spenar eru langir og grannir en ágætlega settir. Mjaltir eru úrvalsgóðar og skap um meðallag.*

Sandur 07014 hlýtur nafnbótina besta naut 2007 árgangs nauta frá nautastöð BÍ.“

Sandur 07014 stendur nú með 113 í heildareinkunn í kynbótamati.



PDF af þessari síðu

 **Líkar þetta** 2 kunna að meta þetta. Nýskráðu þig til að sjá hvað vinir þínir kunna að meta.

